

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum vestan Hvalbakshalla.

1. gr.

Frá kl. 18 6. júlí 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði vestan Hvalbakshalla, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°16'5 N – 12°57'7 V
2. 64°16' N – 12°47' V
3. 64°08'07 N – 13°02'68 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi kl. 18 6. júlí 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 89 8. mars 1993, um bann við togveiðum vestan Hvalbakshalla.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1993.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.